

Alþingi
Erindi nr. P 139/2720
komudagur 18.5.2011

Allsherjarnefnd Alþingis,
Róbert Marshall, formaður.

Reykjavík, 18. maí 2011

Vegna máls nr. 778 - Barnalög (réttindi barns, forsjá, sáttameðferð o.fl.).

**Upplýsingar um meistararannsókn mína í sálfræði við Háskóla Íslands sem nú stendur yfir.
Orsakir skilnaða og sambúðarslita. Ýmsir áhættuþættir.**

Ágæti Róbert.

Undirrituð stundar nú meistaránám í sálfræði við Háskóla Íslands. Ég útskrifaðist með BA gráðu í sálfræði haustið 2005. Lokaverkefni mitt, sem unnið var í samstarfi við Sýslumanninn í Reykjavík fjallaði um samvistarslit (skilnaður og sambúðarslit) foreldra og ákvarðanir þeirra um framtíð barna sinna.

Stór hluti þjóðarinnar hefur upplifað samvistarslit annað hvort sem foreldrar, börn eða aðrir aðstandendur. Að standa vel að þessum málum með löggjöf og sérfræðiráðgjöf er hluti af fjölskyldustefnu hvers samfélags auk þess sem það er barnaverndarmál.

Samkvæmt Hagstofu Íslands var fjöldi skilnaða og sambúðarslita á síðasta ári 1253. Úrskurða þurfti um forsjá 1213 barna. Skilnaðir og sambúðarslit varða því beint yfir 3700 aðila á því ári fyrir utan afa, ömmur og aðra aðstandendur. Ótal vandamál geta því miður fylgt í kjölfar samvistarslita til að mynda vanlíðan barna, veikindi, ýmis geðræn vandamál og vinnutap.

Erlendar rannsóknir hafa sýnt að skilnaðir hafa veruleg áhrif á starfsgetu fólks til lengri eða skemmri tíma. Niðurstöður bandarískrar rannsóknar sýndu að um 80% skilnaðarfólks upplifir minnkuð afköst í vinnu. Í norski rannsókn kom fram að um 25% þeirra sem skilja tilkynna sig veika vegna afleiðinga skilnaðarins og helmingur þessa fólks er veikt í meira en einn mánuð. Því er ljóst að afleiðingar samvistarslita geta verið miklar og varað í langan tíma, kostað þjóðfélagið og fyrirtæki mikið fé og valdið einstaklingum andlegum, líkamlegum og fjárhagslegum skaða.

Meistararannsókn mín sem stendur nú yfir (skilafrestur spurningalistans er til og með **31. maí** nk.) er í raun framhald áður nefnds lokaverkefnis og fjallar um orsakir/ástæður skilnaðarins/sambúðarslitanna og ýmsa tengda sálfræðilega þætti. Meðal annars verður kannaður aðdragandi skilnaðarins/sambúðarslitanna og hvað fólk telji að hafi leitt til hans/þeirra. Spurt er um ákvörðun um forsjá barna þeirra og hvort um ágreining hafi verið að ræða og þá hvort viðkomandi hafi leitað aðstoðar hjá sálfræðingi embættisins. Einnig hvort að einstaklingnum finnist sér líða betur, eins eða verr eftir skilnaðinn/sambúðarslitin, fjárhagslega, félagslega, andlega og/eða líkamlega. Reynt verður að afla upplýsinga um það hvort um eftirsjá sé að ræða.

Rannsókn af þessu tagi hefur aldrei áður verið framkvæmd hér á landi. Niðurstöður rannsóknarinnar geta orðið mikilvægar upplýsingar til að móta stefnu og gera ráðstafanir gagnvart þeim fjölskyldum sem síðar eiga eftir að upplifa samskonar reynslu. Niðurstöðurnar verða einnig

mikilvægt innlegg í faglega umræðu til aðstoðar fólki samvistarerfiðleikum. Einnig gætu opnast ótal möguleikar fyrir fagfólk í formi meðferða, námskeiða, fyrirlestra og almennra upplýsinga.

Rannsókn þessi er unnin í samstarfi við Sýslumanninn í Reykjavík. Embættið lætur rannsakanda í té nafnalista sem er dulkóðaður og fer aldrei út úr húsi embættisins. Því er ekki hægt að rekja svör til einstaklinga. Embættið hefur styrkt rannsóknina með aðstoð Eyrúnar Guðmundsdóttur deildarstjóra sifja- og skiptadeildar við undirbúning hennar ásamt því að greiða kostnað vegna vinnslu tölvudeildar við nafnalista sem síðar var dulkóðaður.

Rannsóknin hefur hlotið samþykki Vísindasiðanefndar og verið tilkynnt til Persónuverndar. Þátttakendur eru um 1700 manns, þeir sem skildu eða slitu sambúð á árunum 2005 og 2006 hjá Sýslumanninum í Reykjavík.

Leiðbeinendur mínir eru Jón Friðrik Sigurðsson, prófessor og yfirsálfræðingur á geðsviði Landspítala (ábyrgðamaður), Sigurður J. Grétarsson, prófessor við sálfræðiskor Háskóla Íslands og Linda Bára Lýðsdóttir, sálfræðingur á geðsviði Landspítala. Rannsóknin er unnin í samstarfi við Gísla H. Guðjónsson prófessor og aðra fræðimenn við King's College í London.

Bréf þetta er því sent til Allsherjaneftdar Alþingis til upplýsinga vegna máls **nr. 778- Barnalög** (réttindi barns, forsjá, sáttameðferð o.fl.) og er til umræðu hjá nefndinni um þessar mundir.

Eins og fram kom hér á undan var lokaverkefni mitt í BA námi mínu í sálfræði einnig unnið í samstarfi við Sýslumanninn í Reykjavík fjallaði um samvistarlit (skilnaður og sambúðarslit) foreldra og ákvarðanir þeirra um framtíð barna sinna. Þar voru tekin fyrir þrjú ár. Niðurstöðurnar voru merkilegar sérstaklega í ljósi þess að aðeins í 16% tilfella var rætt um umgengni þess aðila sem ekki hafði lögheimili barns/a eflir skilnaðinn/sambúðarslitin.

Niðurstöður sýndu einnig að ef leitað var til sálfræðinga sýslumannsembættisins vegna ágreinings um umgengni eða forsjá þá bar það árangur í yfir 80% tilfella.

Í framhaldinu af niðurstöðum BA rannsóknarinnar voru ég og samstarfsaðili minn Elsa Inga Konráðsdóttir boðaðar á fund Allsherjaneftdar Alþingis til að kynna niðurstöður okkar, því fyrir stóð breyting á Barnalögum (2005).

Því er það von mín að niðurstöður þessarar meistararannsóknar minnar geti nýst stjórnvöldum til að móta stefnu og gera ráðstafanir gagnvart þeim fjölskyldum sem eiga eftir að fara í gegnum skilnað/sambúðarslit. Þessi rannsókn er mjög umfangsmikil og kostnaðarsöm og því ólíklegt að verði gerð aftur í náinni framtíð. Niðurstöður munu liggja fyrir í sumar.

Virðingarfyllst,

Edda Hannesdóttir, kt. 2201573699

Garðsstöðum 60, 112 Reykjavík. Netfang eddaha@hi.is, s. 6998077

Meðfylgjandi er útsendi spurningalistinn ásamt kynningabréfi til þátttakenda rannsóknarinnar.



Rannsóknin „Orsök skilnaða og sambúðarslita. Ýmsir áhættuþættir“.

Upplýsingar til þátttakenda

Ágæti viðtakandi.

Við undirrituð, Jón Friðrik Sigurðsson, yfirsálfræðingur á geðsviði Landspítala og Edda Hannesdóttir, sem lauk BA námi í sálfræði við Háskóla Íslands árið 2005 og stundar nú meistaranám í sálfræði, óskum eftir þátttöku þinni í ofangreindri rannsókn.

Sem verkefni í lokaritgerð Eddu Hannesdóttur höfum við ákveðið að gera rannsókn á ýmsum þáttum sem snerta skilnaði og sambúðarslit.

Ábyrgðarmaður og leiðbeinandi Eddu Hannesdóttur við gerð þessarar rannsóknar er Jón Friðrik Sigurðsson, prófessor og yfirsálfræðingur á geðsviði Landspítala, sími: 543-1000 og tölvupóstur: jonfsig@landspitali.is

Aðrir rannsakendur og leiðbeinendur eru:

Sigurður J. Grétarsson prófessor við sálfræðiskor Háskóla Íslands,
Linda Bára Lýðsdóttir, sálfræðingur hjá Landspítala.
Samstarfsaðili rannsóknarinnar er Gísli H. Guðjónsson prófessor við King's College í London.

Það sem við rannsakendur munum leitast við að ná fram er hvort mögulegt sé að flokka orsakir skilnaða/sambúðarslita og ná þannig fram hvaða atriði vega þyngst. Rannsóknin á að varpa ljósi á þessi atriði til að fá fram umræðu og betri skilning á hvað veldur skilnuðum/sambúðarslitum. Einnig verður skoðað hvort að ákveðnir sálfræðilegir þættir gætu verið á vissan hátt áhættuþættir fyrir skilnaði og sambúðarslitum.

Til stendur að birta niðurstöður rannsóknarinnar í erlendum og innlendum fag tímaritum. Það gæti reynst mikilvægt og dýrmætt innlegg í umræðu og þar með aðstoð við fólk í samvistum ef hægt væri að skilgreina ákveðna þætti sálfræðilega sem og aðra sem mikla áhættuþætti. Ef til skilnaðar/sambúðarslita kemur er ekki síður mikilvægt að vel sé á málum haldið. Niðurstöður rannsóknarinnar gætu meðal annars opnað ótal möguleika fyrir fagfólk til aðstoðar fólk í samvistarerfiðleikum sem og eftir slit í formi meðferða, námskeiða, fyrirlestra og almennra upplýsinga.

Á grundvelli þess að þú ert ein/einn af þeim sem hafa farið í gegnum skilnað/sambúðarslit samkvæmt þeim trúnaðarlistum (dulkóðuðum) sem Sýslumaðurinn í Reykjavík hefur undir höndum, óskum við eftir aðstoð þinni. Þín reynsla og annara í sömu stöðu getur reynst dýrmæt fyrir þá sem eiga síðar eftir að upplifa samskonar reynslu.

Þátttakendur eru þeir sem skildu eða slitu sambúð á árunum 2005 og 2006 hjá Sýslumannsembættinu í Reykjavík.

Rannsakendur vilja benda þátttakendum á að ef einhverjar spurningar eða það að svara spurningalistanum vekur upp erfiðar tilfinningar er hægt að fá eitt viðtal hjá fagaðila í sálfræði, þátttakendum að kostnaðarlausu. Hafrún Kristjánsdóttir, sálfræðingur á Landspítala sér um viðtölin, sími: 543-1000 og tölvupóstur: hafrunkr@landspitali.is.

Við biðjum þig vinsamlegast að svara meðfylgjandi spurningalista. Hægt er að svara listanum á netinu. Slóðin er: <http://www.kannanir.is/skilnadir> og þar þarft þú að setja inn dulkóðun þína. Dulkóðunina er að finna efst í horni spurningalistans sem hér fylgir með. Staðfest er af hugbúnaðarfyrirtækinu A.P. Media að það netforrit sem notað verður er með öllu órekjanlegt á tölvupóstfang sendanda.

Einnig er hægt að svara meðfylgjandi spurningalista og senda Eddu Hannesdóttur hann tilbaka í meðfylgjandi svarumslagi. Umslagið má setja ófrímerkt í póst. Það er stílað á : Pósthólf 12079, 132 Reykjavík og er eingöngu ætlað fyrir spurningalista rannsóknarinnar.

Vonandi sérðu þér fært að verða við beiðni þessari. Hver einasti þátttakandi er mikilvægur rannsókninni. Rannsakendur gera sér grein fyrir að rannsóknin varðar viðkvæm mál og munu tryggja algera nafnleynd við úrvinnsluna. Spurningalistarnir eru hvorki auðkennir með nöfnum né kennitölu þátttakenda, heldur rannsóknar númerum og þeir eru alltaf ópersónugreinanlegir.

Þátttakendum er frjálst að hafna þátttöku án útskýringa.

Rannsakendur vilja benda á að ekki er nauðsynlegt að svara öllum spurningum í spurningalistanum ef spurningar vekja vanlíðan á einhvern hátt eða óvíst er um svar, en æskilegt er rannsóknarinnar vegna og vinnslu hennar að öllum spurningum sé svarað eins nákvæmlega og unnt er.


Rannsóknin tekur mið af alþjóðlegum samþykktum og tilmælum Alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar um siðfræði og mannhelgi í vísindarannsóknum. Öll rannsóknargögn verða varðveitt leyndarmerkt á öruggum stað á meðan á úrvinnslu þeirra stendur og unnin án persónuauðkenna. Öllum gögnum verður eytt að lokinni úrvinnslu þeirra og eigi síðar en fimm árum frá rannsóknar lokum.

Rannsóknin er unnin með samþykki Vísindasiðanefndar, tilkynning hefur verið send til Persónuverndar.

Ef þú hefur spurningar um rétt þinn sem þátttakandi í vísindarannsókn eða vilt hætta þátttöku í rannsókninni getur þú snúið þér til Vísindasiðanefndar, Vegmúla 3, 108 Reykjavík.

Sími: 551-7100, fax: 551-1444, tölvupóstfang: visindasidanefnd@vsn.stjr.is.

Með vinsemi, virðingu og von um veitta aðstoð



Jón Friðrik Sigurðsson, prófessor og yfirsálfræðingur á geðsviði Landspítala og ábyrgðarmaður rannsóknarinnar
Sími: 543-1000



Edda Hannesdóttir, meistaranemi og rannsakandi
Sími: 699-8077

Spurningalisti

Orsök skilnaða og sambúðarslita

Dulkóðunarnúmer þitt er efst í horni þessa útprentaða spurningalista og fylgir honum ávallt. Ef könnunin er tekin á netinu þarf að setja þetta dulkóðunarnúmer inn til að geta gert könnunina þar.

SLÓÐIN er: <http://www.kannanir.is/skilnadur>

Þá kemur upp reitur merktur dulkóði og þú setur dulkóðun þína þar inn, alveg eins og hún er á listanum þínum hér efst í hægra horni.

Ef þú tekur könnunina skriflega þá vinsamlegast sendu hana tilbaka í meðfylgjandi svarumslagi merktu:

Edda Hannesdóttir
Pósthólf 12079
132 Reykjavík

Vinsamlegast hafðu í huga að þín reynsla og annarra sem gengið hafa í gegnum skilnað/sambúðarslit getur reynst dýrmæt fyrir börn þessa samfélags og alla þá sem eiga síðar eftir að upplifa samskonar reynslu.

Vakin er athygli á að þátttaka í könnun þessari er með öllu frjáls og engum skylt að taka þátt. Svörin eru algjörlega **ÓREKJANLEG** hvort sem er svarað skriflega eða svarað á netinu. Farið er í öllu eftir reglum Vísindasiðanefndar um öflun og meðferð persónuupplýsinga. Með því að svara þessum lista þá samþykkir þú að taka þátt í rannsókninni.

Hægt er að vista svörin ef ekki næst að svara öllu samtímis (ef könnunin er tekin á netinu).

Vinsamlegast merktu við þann reit/þá reiti sem við á hverju sinni. Tekið er fram **PEGAR** svara má í fleiri en einn reit. Könnuninni er skipt í 10 mislanga hluta. Mikilvægt er að svara þeim öllum og lesa vandlega leiðbeiningar fyrir hvern hluta.

ATHYGLI SKAL VAKIN Á ÞVÍ AÐ HÉR ER ÁVALLT VERIÐ AÐ TALA UM SAMA SKILNAÐINN/SLIT Á ÓVÍÐRI SAMBÚÐ (SAMBÚÐARSLIT) SEM ER SKRÁÐUR/SKRÁÐ ÁRIÐ 2005 EÐA 2006 HJÁ SÝSLUMANNINUM Í REYKJAVÍK.

Það tekur um 15 - 20 mínútur að svara þessari könnun.

Vinsamlegast svarið sem fyrst. Skilafrestur er til 4. maí 2011.

Almennar spurningar

1 - Hvort ert þú karl eða kona?

Vinsamlegast veldu aðeins eitt af eftirfarandi:

- Karl
 Kona

2 - Hvert er þitt móðurmál?

Vinsamlegast veldu aðeins eitt af eftirfarandi:

- Íslenskt
 Erlent

3 - Hver er núverandi hjúskaparstaða þín?

Vinsamlegast veldu aðeins eitt af eftirfarandi:

- Gift(ur)
 Staðfest samvist
 Í sambúð
 Í sambandi en ekki í sambúð (fjarbúð)
 Einhleyp(ur)
 Er að skilja/slíta sambúð
 Ekkja/ekkill

4 - Hversu oft hefur þú verið gift(ur) og/eða í sambúð FYRIR ÞENNAN/ÞESSI skilnað/sambúðarslit?

Vinsamlegast veldu aðeins eitt af eftirfarandi:

- Aldrei
- Einu sinni
- Tvisvar
- Þrisvar
- Fjórum sinnum eða oftar

5 - Hversu oft hefur þú verið gift(ur) og/eða í sambúð EFTIR ÞENNAN/ÞESSI skilnað/sambúðarslit?

Vinsamlegast veldu aðeins eitt af eftirfarandi:

- Aldrei
- Einu sinni
- Tvisvar
- Þrisvar
- Fjórum sinnum eða oftar

6 - Hvaða námi hefur þú LOKIÐ? Vinsamlegast merktu við hæstu gráðu sem þú hefur lokið að fullu.

Vinsamlegast veldu aðeins eitt af eftirfarandi:

- Hætti í almennu námi (t.d. grunnskólaprófi, landsprófi, gagnfræðaprófi)
- Hef lokið almennu námi (t.d. grunnskólaprófi, landsprófi, gagnfræðaprófi)
- Hef lokið starfsnámi eða iðnnámi (t.d. tölvu- eða sjúkraliðanámi, sveinsprófi)
- Hef lokið bóklegu framhaldsnámi (t.d. stúdentsprófi, samvinnuskólaprófi)
- Hef lokið sérskólanámi á háskólastigi (t.d. iðnfræði eða tækninámi)
- Hef lokið háskólanámi (3 ára eða lengra nám)
- Annað

7 - Ólst þú upp hjá (veldu eins marga svarmöguleika og eiga við, t.d. ef þú ólst upp á tímabili hjá báðum foreldrum en á öðru tímabili eingöngu hjá móður/föður):

Vinsamlegast veldu allt sem við á:

- Báðum foreldrum
- Móður en ekki föður
- Föður en ekki móður
- Móður og stjúpföður
- Föður og stjúpmóður
- Við annað fyrirkomulag

8 - Skildu og/eða slitu foreldrar þínir sambúð?

Vinsamlegast veldu aðeins eitt af eftirfarandi:

- Þau bjuggu aldrei saman
- Já
- Nei

Næst koma spurningar er varða skilnaðinn/sambúðarslitin þinn/þín (Hafa í huga að ávallt er verið að tala um sama skilnaðinn/sambúðarslitin).

9 - Hver óskaði eftir skilnaðnum/sambúðarslitunum hjá ykkur?

Vinsamlegast veldu aðeins eitt af eftirfarandi:

- Ég
- Makí/sambýlisaðili
- Báðir aðilar

10 - Hvert var aðalstarf þitt um það leyti sem skilnaðurinn/sambúðarslitin áttu sér stað?

Vinsamlegast veldu allt sem við á:

- Ósérhæft starf, verkamannavinna (t.d. ræstingastarf, fiskvinnslustarf)
- Afgreiðslu- og þjónustustarf (t.d. afgreiðslustarf, ummönnunarstarf (ófaglærðir)
- Iðnaðarmaður (t.d. hársnyrtir)
- Skrifstofustarf (t.d. gjaldkeri, innheimta, símavörður)
- Sérhæft starf eða tæknistarf (t.d. lögreglumaður, sjúkraliði)
- Sérfræðingsstarf (t.d. lögfræðingur, læknir, hjúkrunarfræðingur)
- Stjórnunarstarf (t.d. forstjóri, framkvæmdarstjóri, forstöðumaður, deildarstjóri í fyrirtæki, háttsettur embættismaður)
- Öryrki
- Í fæðingarorlofi
- Í námi
- Atvinnulaus
- Á eftirlaunum
- Heimavinnandi (eingöngu)
- Annað

11 - Hversu sátt(ur) eða ósátt(ur) varst þú við þá ákvörðun að skilja/slíta sambúð?

Vinsamlegast veldu aðeins eitt af eftirfarandi:

- Mjög sátt(ur)
- Frekar sátt(ur)
- Frekar ósátt(ur)
- Mjög ósátt(ur)

12 - Hversu langur tími leið frá því þú byrjaðir að hugleiða skilnað/sambúðarslit þar til ákvörðun var tekin?

Vinsamlegast veldu aðeins eitt af eftirfarandi:

- Ég hugleiddi aldrei skilnað/sambúðarslit
- Minna en ár
- Á bilinu 1 til 3 ár
- Á bilinu 3 til 6 ár
- Á bilinu 6 til 10 ár
- Meira en 10 ár

13 - Hvort ykkar flutti fyrst út af heimilinu?

Vinsamlegast veldu aðeins eitt af eftirfarandi:

- Ég
- Maki/sambýlisaðili
- Báðir aðilar
- Hvorugur aðillinn

14 - Hvert eftirtalinna atriða telur þú að hafi LEITT til skilnaðarins/sambúðarslitanna?**Merktu við öll þau atriði sem eiga við.****„Ég“ þá er átt við af minni hálfu. Hinn svarmöguleikinn „Maki/Sambýlisaðili“ þá er átt við af hálfu Maka/Sambýlisaðila. Stundum geta báðir svarmöguleikarnir átt við.**

Vinsamlegast veldu viðeigandi svar fyrir hvert atriði:

	Ég	Maki/Sambýlisaðili
Líkamlegt ofbeldi	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Andlegt ofbeldi	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Áfengis- og/eða fíkniefnavandamál	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Geðræn vandamál	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Atvinnuleysi	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Klámnotkun	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Framhjáald (fast viðhald langtíma)	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Framhjáald nokkrum sinnum	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Ástleysi	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Ófrjósemi	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Sjúkdómar (t.d. fötlun eftir slys eða veikindi)	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Truflun frá maka/sambýlisaðila úr fyrri samböndum	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Truflun vegna stjúpbarna	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Kvennasjálfsstæði	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Karlasjálfsstæði	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Afbrýðissemi	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Málamyndaskilnaður/sambúðarslit	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Varð ástafangin/n af öðrum aðila	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Afbrotahegðun	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Menningarmunur	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Breytingar urðu á högum okkar, (vegna /náms/atvinnu/fjárhags/flutninga)	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Misnotkun, líkamleg, kynferðisleg í æsku/unglingsárum (Ég varð fyrir því og/eða maki/sambýlisaðili)	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Samkynhneigð	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Netvandi	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Spilavandi	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Sjúkdómar/fötlun barns	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

14 - FRAMHALD - Hvert eftirtalinna atriða telur þú að hafi leitt til skilnaðarins/sambúðarslitanna?

Vinsamlegast veldu allt sem við á:

- Ágreiningur í uppeldismálum
- Ágreiningur um heimilisstörf
- Ágreiningur í kynlífsmálum
- Ágreiningur um forgangsröðun heimilis/fjölskyldu og frístunda
- Samskiptaerfiðleikar almennt (riffrildi)
- Áttum ekki lengur samleið
- Fjárhagsvandamál
- Óeining um skuldbindingar
- Annað

15 - Varst þú ánægð/ur með sambýlisaðilann/makann þegar þið hófuð sambúðina/hjónabandið?

Vinsamlegast veldu aðeins eitt af eftirfarandi:

- Mjög ánægð/ur
- Frekar ánægð/ur
- Hvorki né
- Frekar óánægð/ur
- Mjög óánægð/ur
- Veit ekki

16 - Hversu mikil átök/ósætti áttu sér stað FYRIR skilnaðinn/sambúðarslitin?

Ef engin átök/ósætti áttu sér stað þá sleppa næstu spurningu (17) og fara yfir í spurningu 18.

Vinsamlegast veldu aðeins eitt af eftirfarandi:

- Mjög mikil
- Frekar mikil
- Frekar lítil
- Það voru engin átök/ósætti
- Veit ekki

17 - Hver átti sök?

Vinsamlegast veldu aðeins eitt af eftirfarandi:

- Ég
- Maki/sambýlisaðili
- Báðir aðilar
- Aðrir

18 - Hversu mikil átök/ósætti áttu sér stað EFTIR skilnaðinn/sambúðarslitin?

Ef engin átök/ósætti áttu sér stað þá sleppa næstu spurningu (19) og fara yfir í spurningu 20.

Vinsamlegast veldu aðeins eitt af eftirfarandi:

- Mjög mikil
- Frekar mikil
- Frekar lítil
- Það voru engin átök/ósætti
- Veit ekki

19 - Hver átti sök?

Vinsamlegast veldu aðeins eitt af eftirfarandi:

- Ég
- Maki/sambýlisaðili
- Báðir aðilar
- Aðrir

20 - Ef þú fórst í sambúð/hjónaband aftur eftir sambúðarslitin/skilnaðinn hversu langur tími leið þangað til?

Vinsamlegast veidu aðeins eitt af eftirfarandi:

- Hef ekki farið í sambúð eða hjónaband eftir þetta
- Fór beint í aðra sambúð
- Það leið innan við hálf ár frá því við fluttum frá hvort öðru
- Það leið á bilinu hálf ár til eitt ár frá því við fluttum frá hvort öðru
- Það leið meira en eitt ár til tvö ár frá því við fluttum frá hvort öðru
- Það leið meira en þrjú ár frá því við fluttum frá hvort öðru

21 - Hvað fannst þér erfiðast að ná samkomulagi um við fyrrverandi maka/sambýlisaðila?

Vinsamlegast veldu allt sem við á.

- Forsjá barns/barna
- Umgengni við barnið/börnin
- Meðlag m/barni/börnum
- Fjármál/fjárskipti
- Húsnæðismál
- Lögheimili barns/barna
- Innbú
- Lífeyri, framfærslu maka
- Réttindi í lífeyrissjóði
- Skipta fyrirtæki
- Ekkert

22 - Leitaðir þú/þlò ráðgjafar hjá einhverjum af eftirtöldum aðilum til þess að reyna að leysa ágreining ykkar og/eða koma í veg fyrir skilnað/sambúðarslit?

Vinsamlegast veldu allt sem við á:

- Nei, ég/við leituðum ekki eftir aðstoð
- Já, hjá sjálfstætt starfandi sálfræðingi
- Já, hjá sjálfstætt starfandi félagsráðgjafa
- Já, hjá sálfræðiráðgjöf sýslumannsins
- Já, hjá fjölskylduráðgjafa
- Já, hjá fjölskylduráðgjafa kirkjunnar
- Já, hjá presti
- Já, hjá lögfræðingi
- Já, hjá Kvennaathvarfinu
- Já, hjá Stigamótum
- Já, hjá geðlækni á geðdeild Landspítalans
- Já, hjá heimilislækni
- Já, hjá Rauða Krossinum
- Já, hjá trúfélagi
- Já, á netinu
- Já, í sjálfshjálparbókum
- Annað

23 - Hefur skilnaðurinn/sambúðarslitin slæm áhrif á líðan þína í dag?

Vinsamlegast veldu aðeins eitt af eftirfarandi:

- Mjög mikil
- Mikil
- Hann hafði slæm áhrif á mig en ekki lengur
- Nokkur
- Lítil
- Mjög lítil /engin

24 - Hversu vel settan telur þú þig vera EFTIR skilnaðinn/sambúðarslitin?

Vinsamlegast veldu aðeins eitt af eftirfarandi:

- Betur setta/n
- Ver setta/n
- Óbreytt/eins og fyrr

25 - Telur þú þig BETUR setta/n eftir skilnaðinn/sambúðarslitin?

Vinsamlegast veldu allt sem við á:

- Nei
- Já, fjárhagslega
- Já, andlega
- Já, líkamlega
- Já, félagslega

26 - Teur þú þig VER setta/n eftir skilnaðinn/sambúðarslitin?

Vinsamlegast veldu allt sem við á:

- Nei
- Já, fjárhagslega
- Já, andlega
- Já, líkamlega
- Já, félagslega

27 - Sérðu eftir því að hafa skilið/slitið sambúðinni?

Vinsamlegast veldu aðeins eitt af eftirfarandi:

- Tókum saman aftur
- Já, alltaf
- Já, oft
- Stundum
- Nei, aldrei
- Ekki lengur
- Veit ekki

28 - Telur þú að fyrrverandi maki þinn/sambýlisaðili sjái eftir því að hafa skilið/slitið sambúðinni?

Vinsamlegast veldu aðeins eitt af eftirfarandi:

- Já, alltaf
- Já, oft
- Sjaldan
- Nei, aldrei
- Ekki lengur
- Veit ekki

**EF ENGIN BÖRN UNDIR 18 ÁRA VORU TIL STAÐAR VIÐ ÞENNAN/ÞESSI
ÁKVEDNA/ÁKVEDNUSKILNAÐ/SAMBÚÐARSLIT ÞÁ VINSAMLEGAST SLEPPIÐ NÆSTU
SPURNINGUM (29-39) OG FARIÐ YFIR Í NÆSTA HLUTA:**

NR. 40 - ECR- spurningalista um náin sambönd.

29 - Var sameiginleg forsjá valin við skilnaðinn/sambúðarslitin?

Vinsamlegast veldu aðeins eitt af eftirfarandi:

- Já
- Nei

Ef sameiginleg forsjá var valin þá vinsamlegast sleppa næstu spurningu (30) og fara yfir í spurningu 31.

30 - Hver er aðalástæða þess að þið völduð EKKI sameiginlega forsjá?

Vinsamlegast veldu allt sem við á:

- Ég var ekki hæf/ur sem foreldri
- Maki/sambýlisaðili var ekki hæfur sem foreldri
- Það var dæmt þannig
- Framhjáhald mitt
- Framhjáhald maka/sambýlisaðila
- Ég krafðist þess að hafa ein/einn forsjá
- Maki/sambúðaraðili krafðist þess að hafa ein/einn forsjá
- Ég samþykkti að forsjá yrði hjá hinu foreldrinu
- Fannst ég ekki hafa val
- Ósætti
- Undaniátssemi mín
- Undanlátssemi maka/sambýlisaðila
- Annað

31 - Hversu sátt/ur - ósátt/ur varstu með samkomulag um forsjá?

Vinsamlegast veldu aðeins eitt af eftirfarandi:

- Mjög sátt/ur
- Frekar sátt/ur
- Frekar ósátt/ur
- Mjög ósátt/ur
- Alveg sama

32 - Hefur orðið breyting á forsjá frá upphaflegu samkomulagi um forsjá?

Ef svarið er nei þá vinsamlegast sleppa næstu spurningu (33) og fara yfir í spurningu 34.

Vinsamlegast veldu aðeins eitt af eftirfarandi:

- Nei
- Já, breyttum í sameiginlega forsjá
- Já, riftum sameiginlegri forsjá
- Annað

33 - Hvers vegna var samkomulaginu um forsjá breytt?

Vinsamlegast veldu allt sem við á:

- Tókum saman aftur
- Sameiginleg forsjá var ekki eins og ég hélt að hún væri
- Samkomulag foreldra var betra
- Vegna veikinda annars okkar
- Vegna veikinda barns
- Vegna átaka okkar
- Vegna svika á samningi
- Nýtt samband hjá mér
- Nýtt samband hjá fyrrverandi maka/sambýlisaðila

34 - Var gerður skriflegur umgengnissamningur staðfestur af sýslumannsembættinu?

Vinsamlegast veldu aðeins eitt af eftirfarandi:

- Já
- Nei
- Veit ekki

Ef svarið er nei þá vinsamlegast sleppa næstu spurningu (35) og fara yfir spurningu 36.

35 - Hvenær var skriflegur umgengnissamningur gerður?

Vinsamlegast veldu aðeins eitt af eftirfarandi:

- Við skilnað/sambúðarslit
- Við breytingu á forsjá
- Man ekki

36 - Var ágreiningur um umgengni við skilnaðinn/sambúðarslitin?

Vinsamlegast veldu aðeins eitt af eftirfarandi:

- Já
- Nei

Ef svarið er nei þá vinsamlegast sleppa næstu spurningu (37) og fara yfir spurningu 38.

37 - Var stofnað til umgengnismáls hjá sýslumanni?

Vinsamlegast veldu aðeins eitt af eftirfarandi:

- Já
- Nei

38 - Kom ágreiningur upp síðar?

Vinsamlegast veldu aðeins eitt af eftirfarandi:

- Já
- Nei

39 - Var leitað ráðgjafar hjá sálfræðingi sýslumannsembættisins vegna umgengnismáls?

Vinsamlegast veldu aðeins eitt af eftirfarandi:

- Nei
- Já og það bar árangur
- Já og það bar ekki árangur
- Veit/man ekki

Stigagjöf:

1 = Algjörlega ósammála

2 = Ósammála

3 = Nokkuð ósammála

4 = Hvorki ósammála né sammála

5 = Nokkuð sammála

6 = Sammála

7 = Algjörlega sammála

	1	2	3	4	5	6	7
Ég hef ekkert á móti því að biðja þá sem ég á í sambandi við um huggun, ráð eða aðstoð.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Ég verð svekkt(-ur) ef þeir sem ég á í sambandi við eru ekki til staðar þegar ég þarfnast þeirra.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Það hjálpar að snúa mér að þeim sem ég á í sambandi við þegar á reynir.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Ég fæ neikvæða mynd af sjálfum/sjálfri mér þegar þeir sem ég á í sambandi við samþykkja mig ekki.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Ég leita oft til þess sem ég á í sambandi við, meðal annars til að fá huggun eða hughreystingu.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Mér sárnar þegar sá sem ég á í sambandi við eyðir tíma sínum annarsstaðar en með mér.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

GCS spurningalistinn (D)

41 - Hér fyrir neðan er listi með fullyrðingum varðandi persónuleg viðhorf og einkenni fólks.

Lestu hvert atriði og merktu við hvort fullyrðingin er sönn eða ósönn varðandi þig sjálfa(n).

Vinsamlegast veldu viðeigandi svar fyrir hvert atriði:

	SÖNN	ÓSÖNN
Sem barn gerði ég alltaf eins og foreldrar mínir sögðu mér	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Ég gefst fljótlega upp gagnvart mótlæti	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Ég hef ekki áhyggjur af því hvað fólk hugsar um mig	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Ég verð fljótt óróleg(ur) og hrædd(ur) þegar ég er í návist yfirmanna	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Þegar ég var barn tók ég stundum á mig sökina fyrir aðra	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Þegar ég er órugg(ur) hef ég tilhneigingu til þess að samþykkja það sem aðrir segja mér	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Ég hef tilhneigingu til að fylgja því sem aðrir segja mér jafnvel þó ég viti að þeir eru ekki að gera rétt	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Ég myndi lýsa sjálfri/sjálfum mér sem mjög hlýðinni manneskju	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Ég myndi aldrei fara eftir því sem aðrir segðu mér aðeins til að þóknast þeim	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Mér finnst mjög erfitt að segja fólki að ég sé því ósammála	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Ég gefst oft upp fyrir fólki sem heldur því fast fram að það hafi rétt fyrir sér	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Ég reyni mjög mikið að lenda ekki í útistöðum við valdamikið fólk	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Ég verst því sterkllega að þurfa að gera eitthvað gegn vilja mínum	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Ég reyni yfirleitt að lenda ekki í andstöðu við fólk	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Ég reyni að láta fólki líka vel við mig	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Fólk í áhrifastöðum gerir mig órólega(n) og lætur mér líða illa	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Ég reyni eins og ég get að gera það sem ætlast er til af mér	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Það tekur oft svo mikinn tíma að vera ósammála fólki að það er ekki þess virði	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Ég reyni yfirleitt að gera eins og mér er sagt	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Mér finnst það réttara að forðast erfiðleika heldur en að mæta þeim	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

RSES – Spurningalisti um hvað þér finnst um sjálfa(n) þig?

42 - Lestu hverja fullyrðingu og merktu við þá tölu, sem lýsir því best hvað þér finnst um sjálfa(n) þig.

Stigagjöf:

- 1 = Algjörlega sammála
- 2 = Sammála
- 3 = Ósammála
- 4 = Algjörlega ósammála

Vinsamlegast veldu viðeigandi svar fyrir hvert atriði:

	1	2	3	4
Mér finnst ég vera einstaklingur, sem er að minnsta kosti jafn mikils virði og annað fólk.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Þegar allt kemur til alls þá hef ég tilhneigingu til að líta á mig sem mistök.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Mér finnst ég hafa ýmsa góða eiginleika.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Ég get gert hluti jafnvel og flestir aðrir.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Mér finnst ég ekki hafa mikið til að vera stóit(-ur) af .	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Ég lít jákvæðum augum á sjálfa(-n) mig.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Í heildina er ég ánægð(-ur) með sjálfa(n) mig.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Ég vildi að ég bæri meiri virðingu fyrir sjálfri (sjálfum) mér.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Vissulega finnst mér stundum að ég sé gagnslaus.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Stundum finnst mér ég vera einskis nýt(-ur).	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Patient Health Questionnaire PHQ-9

43 - Hversu oft hefur eftirfarandi vandamál truflað þig síðastliðnar tvær vikur?

Vinsamlegast veldu viðeigandi svar fyrir hvert atriði:

	Alls ekki	Nokkra daga	Meira en helming tímans	Nánast alla daga
Lítill áhugi eða gleði við að gera hluti	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Verið niðurdregin/n dapur/döpur eða vonlaus	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Átt erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Þreyta og orkuleysi	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Lystarleysi eða ofát	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Líðið illa með sjálfan þig eða fundist að þér hafi mistekist eða ekki staðið þig í stykkinu gagnvart sjálfum þér eða fjölskyldu þinni	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Erfiðleikar með einbeitingu við t.d. að lesa blöðin eða horfa á sjónvarp	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Hreyft þig eða talað svo hægt að aðrir hafa tekið eftir því? Eða hið gagnstæða – verið svo eirðarlaus eða óróleg(ur) að þú hreyfir þig mikið meira en venjulega	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Hugsað um að það væri betra að þú værir dáin(n) eða hugsað um að skaða þig á einhvern hátt	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

General Anxiety Disorder- GAD 7

44 - Hversu oft á síðastliðnum 2 vikum hefur þér liðið illa vegna eftirfarandi?

Vinsamlegast veldu viðeigandi svar fyrir hvert atriði:

	Aldrei	Nokkra daga	Oftar en helming daganna	Næstum daglega
Verið spennit/-ur á taugum, kvíðin/-n eða hengd/-ur upp á þráð	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Ekki tekist að bægja frá þér áhyggjum eða hafa stjórn á þeim	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Haft of miklar áhyggjur af ýmsum hlutum	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Átt erfitt með að slaka á	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Verið svo eirðarlaus að þú áttir erfitt með að sitja kyrr	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Orðið gröm/gramur eða pirruð/pirraður af minnsta tilefni	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Verið hrædd/-ur eins og eitthvað hræðilegt gæti gerst	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

45 - Merktu við þann reit sem best lýsir hegðun þinni síðustu 6 mánuði.

Vinsamlegast veidu viðeigandi svar fyrir hvert atriði:

	Aldrei eða sjaldan	Stundum	Oft	Mjög oft
Huga illa að smáatriðum eða geri fljótfærnislegar villur í starfi eða námi.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Er mikið með hendur og fætur á hreyfingu eða á iði þegar ég sit.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Á erfitt með að halda athygli vakandi við verkefni eða leiki.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Fer úr sæti mínu í aðstæðum þar sem ætíast er til að ég sitji kyrr.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Virðist ekki hlusta þegar talað er til mín.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Hreyfi mig óhóflega mikið í aðstæðum þar sem það á ekki við; ofvirk(ur); finnst ég vera eirðarlaus.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Fylgi ekki fyrirmælum til enda og tekst ekki að ljúka verkefnum.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Á erfitt með að vera hljóð(ur) þegar ég sinni tómskundaiðju.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Á erfitt með að skipuleggja verkefni og athafnir.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Er alltaf á ferðinni eða "eins og þeytisþjald".	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Forðast verkefni (t.d. í vinnu eða heima) sem krefjast mikillar beitingar hugans.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Tala óhóflega mikið.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Týni hlutum sem eru nauðsynlegir til verkefna eða athafna.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Gríp fram í með svári áður en spurningum er lokið.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Er auðtrufluð/auðtruflaður.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Á í erfiðleikum með biða eftir að röðin komi að mér.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Er gleym(n) í athöfnum daglegs lífs.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Gríp fram í eða ryðst inn í samræður eða athafnir annarra.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Svarmöguleikar

- 7 = Mjög ánægð(ur)
- 6 = Ánægð(ur)
- 5 = Frekar ánægð(ur)
- 4 = Hvorki ánægður né óánægð(ur)
- 3 = Frekar óánægð(ur)
- 2 = Óánægð(ur)
- 1 = Mjög óánægð(ur)

Vinsamlegast veldu viðeigandi svar fyrir hvert atriði:

	7	6	5	4	3	2	1
Að hjálpa öðrum og hvetja, bjóða aðstoð og gefa ráð	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Þátttaka í samtökum og opinberum málum (félagsmálum, þjóðmálum)	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Nám – skólanám, aukinn skilningur og bætt þekking	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Að skilja sjálfan mig – þekkja kosti mína og galla – vita um hvað málið snýst	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Störf – vinna innan eða utan heimilis	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Skapandi tjáning	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Félagslíf – hitta annað fólk, vera virkur, samkvæmi o.s.frv.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Lestur, hlusta á tónlist og fara á sýningar	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Þátttaka í skipulögðu fristundastarfi	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Sjálfstæði, – að geta séð um mig, bjargað mér og gert hlutina sjálf(ur)	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Að lokum

Allir þátttakendur eru beðnir um að svara eftirfarandi:

Næstu spurningar varða viðhorf þitt almennt. (Ekki er verið að spyrja endilega um þitt eigið tilfelli)

49 - Ef foreldrar búa ekki saman og eru með sameiginlega forsjá hver telur ÞÚ að eigi að ákveða/framkvæma eftirfarandi atriði í lífi barna þeirra?

Vinsamlegast veldu viðeigandi svar fyrir hvert atriði:

	Lögheimilisaðili	Móðir	Faðir	Báðir foreldrar í sameiningu	Það foreldri sem barnið dvelur hjá í það sinn
Val á grunn- eða leikskóla	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Mataræði	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Tómstundaiðkun (t.d. íþróttum eða tónlistarnámi)	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Trúfélag	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Val á lækni meðferð (t.d. tannréttingar, innlegg, gleraugu)	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Svefntíma	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Útivistartíma	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Sjónvarps- og/eða tölvuleikjanotkun	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Lyfjanotkun (t.d. ritalín, eða kvíða og þunglyndislyf)	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Viðbrögð við agavandamálum	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Mæta í foreldraviðtöl	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Aðstoða við heimanám	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Viðtal hjá sálfræðingi (t.d. v/eineltis, félagsfærni, þunglyndis og kvíða, tölvuleikjavanda)	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Þakka þér kærlega fyrir að ljúka þessari könnun

